

Sp.

587. Skýrsla

utanríkisráðherra um utanríkismál í maí 1975.

Inngangur.

Eins og venja mín hefur verið undanfarin ár mun ég nú gefa Alþingi skýrslu um utanríkismál, bæði á sviði alþjóðamála og eins að því er varðar tvíhliða og marghliða samskipti Íslands við aðrar þjóðir.

Þróun alþjóðamála. Það, sem einkennt hefur þróunina í alþjóðamálum, eru áframhaldandi tilraunir stórveldanna til þess að draga úr spennu í heiminum. Bandaríkin og Sovétríkin halda áfram tilraunum sínum til að draga úr spennu í heiminum. Æðstu menn þessara stórvelda hafa hist í Vladivostok og viðræður um afvopnunarmál þeirra á milli halda áfram. Í Genf er rætt um takmarkanir á framleiðslu og útbreiðslu langdrægra vopna og í Vínarborg fara fram samningsviðræður milli austurs og vesturs um jafnan og gagnkvæman samdrátt herafla í Mið-Evrópu (MBFR). Mál þessi eru afar flókin svo hægt miðar áfram, en ég álit að þessar viðræður séu mjög mikilvægur liður í þeirri viðleitni að koma á samkomulagi um raunverulega afvopnun í heiminum. Þótt árangur hafi náðst, er enn þá óvíst um margt.

Alvarlegt ástand hefur ríkt undanfarið eitt og hálf ár á sviði efnahagsmála í heiminum. Erfiðleikar þessir hafa fyrst og fremst orðið vegna orkukreppunnar, sem skapaðist þegar olíuframleiðendur í Miðausturlöndum gripu til hins svonefnda „olíuvopns“ og hækkuðu verð á olíu. Þessi ákvörðun þeirra bitnaði ekki einungis á iðnþróun löndunum, heldur urðu afleiðingar hennar mun alvarlegri fyrir þróun-

arlöndin. Allur hagvöxtur í þessum löndum og aðstoð til þeirra urðu nær að engu vegna verðhækkana, en ástandið þar er þannig, að þau þola ekki slíkar sveiflur.

Augljóst er því, að efnahagsmálin og sérstaklega erfiðleikar þróunarlandanna verða meir og meir á dagskrá hjá flestum eða öllum alþjóðastofnunum. Sjöunda auka-allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna, sem saman kemur í byrjun september, mun til dæmis, fjalla eingöngu um þessi mál.

Skipan mála innan Sameinuðu þjóðanna hefur vakið nokkurn ugg manna á meðal. Eru það einkum hópskiptingarnar, sem orðið hafa, með þeim afleiðingum að stærri hópurinn knýr í gegn samþykktir, sem oft á tíðum þykja fljótfærnislega unnar og jafnvel brjóta í bága við sáttmála Sameinuðu þjóðanna eða eru í ósamræmi við anda hans. Eins og til dæmis þegar vafasamar túlkanir á fundarsköpum allsherjarþingsins eru notaðar til að útiloka aðildarríki frá fullri þátttöku í störfum þess.

Sérstökum áhyggjum veldur einnig ástandið fyrir botni Miðjarðarhafs og á Kýpur, og loks er nú lokið í Viet-Nam hernaðaráttökum, sem staðið hafa nær samfleytt í 35 ár.

Mun ég síðar fjalla um einstök framangreind atriði, auk fleiri þátta utanríkis- og alþjóðamála.

Öryggisráðstefna Evrópu.

Annar áfangi ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu með þátttöku Bandaríkjanna og Kanada heldur áfram í Genf og undirbýr þriðja og lokaáfangann. Þótt hægt hafi gengið hafa umræður þær, sem fram hafa farið, bæði á fundum og utan funda, þó meðal annars haft það gott í för með sér, að nú má segja með töluverðum rétti að flest mál liggja ljós fyrir. Gangur ráðstefnunnar héðan af mun því byggjast nær eingöngu á samkomulagsvilja og veltur endanlegur árangur á því hvort hann reynist mikill eða lítill. Þótt samkomulag hafi náðst á ráðstefnunni um ýmis atriði, þá eru því miður enn þá óbrúuð bil. Ég leyfi mér samt sem áður að álíta að það, sem þegar hefur áunnist, gefi góðar vonir um að hægt verði að ljúka þessum áfanga innan skamms svo að lokafundur ráðstefnunnar geti komið saman með þátttöku ædstu manna hlutaðeigandi ríkja sem allra fyrst. Stefnt er að því að halda lokafundinn í Helsingfors í júlímánuði í sumar, en þá verða liðin rétt tvö ár síðan hún formlega hófst.

Deilumálin fyrir botni Miðjarðarhafs.

Tilraunir utanríkisráðherra Bandaríkjanna til að finna lausn á deilumálum landanna fyrir botni Miðjarðarhafs hafa nú farið út um þúfur, a. m. k. um sinn. Hann reyndi að fara „skref fyrir skref leiðina“, eins og það var kallað, vinna að lausn eins þáttar þessara flóknu deilumála í einu, þannig að grundvöllur samkomulags væri fundinn áður en komið væri saman að nýju í Genf og heildarsamkomulag gert.

Við höfum stutt á alþjóðavettvangi allar tilraunir til að koma á samkomulagi á þessu svæði og stöðjum að sjálfsögðu að Genfarráðstefnan verði kölluð saman sem fyrst með þátttöku allra hlutaðeigandi aðila.

Það er álit mitt, að nauðsynlegt sé að framkvæma samþykktir Sameinuðu þjóðanna varðandi þessi vandamál og réttlátur og varanlegur friður í þessum heimshluta hlýtur að byggjast á, að fullt tillit sé tekið til allra aðstæðna, sem máli skipta, þar á meðal lögmetra réttinda palestínúanna og tilveruréttur allra ríkja á svæðinu verði virtur.

Kýpur.

Fyrir atbeina Sameinuðu þjóðanna sátu fulltrúar þjóðarbrotanna tveggja á Kýpur nýlega ráðstefnu í Vínarborg. Undirnefndir á vegum þessarar ráðstefnu starfa nú áfram að lausn vandamála.

Ísland mun styðja allar tilraunir Sameinuðu þjóðanna og aðalritara þeirra til að finna réttláta lausn, sem báðir aðilar geta unað við. Slík lausn verður að byggjast á fullu tilliti til sjálfstæðis, fullveldis og óskertra yfirráða Kypurlýðveldisins yfir landssvæði sínu.

Indókína.

Nú virðist lokið hernaðarátökum í Indókína. Segja má, að styrjöld og hörmungar hafi hrjád þjóðirnar á þessu svæði í nærfellt 35 ár.

Það er von mín að takast megi að koma á varanlegum friði svo endurbyggingarstarfið geti hafist sem allra fyrst. Ríkisstjórnin hefur ákveðið að veita kr. 1 500 000 til mannúðar- og líknarstarfsemi á vegum Alþjóða Rauða Krossins í Indókína.

Það er skoðun mín, að þar sem Ísland hefur stjórnmalasamband við löglega ríkisstjórn í Suður-Viet-Nam er ekki nauðsynlegt að viðurkenna formlega bráðabirgðabyltingarstjórnina.

Ef sú ríkisstjórn, sem tekur við stjórn af hernaðaryfirvöldum, óskar að skipta um sendiherra á Íslandi, munum við að sjálfsgöðu veita nýjum sendiherrum viðurkenningu.

Sameinuðu þjóðirnar.

Senn verða 30 ár liðin frá því að sáttmáli Sameinuðu þjóðanna var undirritaður í San Francisco hinn 26. júní 1945, en samtökin tóku formlega til starfa þá um haustið eins og kunnugt er — og rúmu ári síðar gerðist Ísland aðili. Mörg hnjóðsyrði hafa fallið í garð samtakanna á þessu árabili, en þegar grannt er skoðað munu þó flestir vera sammála um, að án slíkra samtaka væri heimurinn verr settur. Sameinuðu þjóðirnar hafa löngum átt erfitt uppdráttar við gæslu friðar og öryggis í heiminum, sem er meginhlutverk þeirra. Þó vil ég halda, að með töluðum orðum á vettvangi samtakanna eða fyrir þeirra tilstilli hafi oftast en sannað verður óyggjandi tekist að hindra að vopnin væru látin tala. Þá má eigi heldur gera of lítið úr starfi samtakanna til að vinna bug á hugri og fátækt — og auka frelsi og velmegun. En á öllum þessum sviðum er því miður enn þá gífurlega margt óunnið — og gerir það miklar kröfur til þeirra þjóða allra, sem að samtökunum standa.

29. Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna stóð yfir í New York frá 17. september til 18. desember síðastliðins, eða um þriggja mánaða skeið eins og venja er orðin. Ég sótti þingið í byrjun og flutti þar ræðu í almennu umræðunum hinn 30. september. Þar leitaðist ég við að gera grein fyrir afstöðu okkar til helstu alþjóðamála, en notaði jafnframt tækifærið til þess að fjalla allitarlega um hafréttarmálin og ryðja frekari braut sjónarmiðum okkar á því sviði. Þar sem ræðan var birt héraendis, þegar eftir að hún hafði verið flutt, þykir mér ekki ástæða til að rekja hana nánar hér.

Þetta þing Sameinuðu þjóðanna var eitt hið gumtasta um langt skeið. Það bar glögg merki þeirrar breytingar á valdahlutföllum sem fylgt hefur fjölgun aðildarríkjanna úr 51. sem þau voru í byrjun, í 138, sem þau nú eru orðin, en 3 ný aðildarríki bættust í hópinn að þessu sinni: Bangladesh, Grenada og Ginea Bissau. Kurt Waldheim, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, lét svo ummælt í lok þingsins, að Sameinuðu þjóðirnar væru fyrst og fremst stjórnmalaleg samtök, sem endurspeglu og taka mið af pólitískum straumum og breytingum í heiminum. Slíkt hefði aldrei gerst á eins áberandi hátt og á 29. Allsherjarþinginu. Ég hygg að framkvæmdastjórnin hafi þarna mikið til síns máls. Hin nýrri ríki samtakanna virtust sér nú meira meðvitandi en áður um það vald, sem hin mikla fjölgun þeirra innan samtakanna hefur lagt þeim í hendur. Þessu valdi var nú beitt meira en margir töldu góðu hófi gegna. Var sú valdbeiting á vissan hátt bergmál og bar keim af undanfarandi baráttu Arabaríkja á sviði olíumálanna, enda hittist nú svo á, að þingforsetinn var úr þeirra hópi.

Meðal hörðustu deilumála þingsins, þar sem þessarar nýju valdbeitingar gætti á mest áberandi hátt, voru tvímælalaust Palestínumálið og Suður-Afrikumálið. En nú eins og stundum áður var einnig deilt hart um Kóreu, Kambódíu og Kýpur.

Palestínumálið olli bitrustum deilum. Jarðvegur fyrir hagstæða afgreiðslu þess frá sjónarmiði Arabaríkjanna var nú betri en nokkru sinni fyrr og því máske skiljanlegt að þau létu til skarar skríða. Pólitísk áhrif þessara land höfðu aukist gífurlega á skömmum tíma vegna samvinnu olíuframleiðslulandanna um framleiðslutakmarkanir og verðhækkanir á olíu til þeirra ríkja, sem þau töldu sér ekki vinsamleg, að þeim var full alvara að nota olíuvopnið til hins ýtrasta. Þá voru Arabalöndin orðin stórveldi á fjármálasviðinu vegna olíugróðans og voru orðin aflögufer um lánsfjármagn í stórum stíl. Aðstaða Arabalandanna styrktist einnig pólitískt eftir að þeim tókst á fundi sínum í Rabat í október 1974 að ná samkomu-lagi um frelsishreyfingu Palestínu-araba (PLO) sem hinn eina lögmæta fulltrúa Palestínu-þjóðarinnar.

Fyrir forgöngu Arabaríkjanna var samþykkt með yfirgnæfandi meiri hluta á þinginu að bjóða frelsishreyfingu Palestínu-araba, sem fulltrúa Palestínuþjóðarinnar, að taka þátt í afgreiðslu Palestínumálsins á sjálfu þinginu. Einungis fjögur ríki greiddu atkvæði gegn þessari ákvörðun, en Ísland og Danmörk voru í hópi 20 ríkja, sem sátu hjá (Finnland, Noregur og Svíþjóð greiddu atkvæði með). Sú afstaða byggðist einkum á því, að það hefur verið viðtekin regla hjá Sameinuðu þjóðunum, að aðeins fulltrúar aðildarríkja hafi heimild til að ávarpa Allsherjarþingið eða taka þátt í umræðum þar og því varhugavert fordæmi að brjóta þá reglu. Yasser Arafat, leiðtogi PLO, ávarpaði síðan þingið 14. nóvember og talaði í hálfan annan klukkutíma. Hefur ræða hans verið túlkuð á ýmsa vegu, en varla bykir fara hjá því, að út úr henni megi lesa það, að markmið PLO sé að stofna Palestínuríki á landssvæði, sem nú er Ísrael. Fulltrúi Ísraels talaði síðar sama dag og var mjög harðorður í garð PLO og Arafats. Samkvæmt úrskurði þingforseta, sem hlaut staðfestingu þingsins (75 atkv.), var Ísrael síðan útilokað frá frekari umræðum um málið. Öll Norðurlönd voru í hópi 25 ríkja, sem greiddu atkvæði gegn úrskurðinum, en 18 ríki sátu hjá.

Í lok mjög einhliða umræðu um Palestínumálið voru samþykktar tvær tillögur. Önnur almennt um réttindi Palestínu-araba í Palestínu, þ. á m. rétt til sjálfsákvörðunar, sjálfstæðis og fullveldis, auk þess sem í tillögunni var lýst yfir viðurkenningu á rétti þeirra til að hverfa aftur til fyrri heimkynna og eigna — og neyta til þess allra tiltækra ráða í samræmi við sáttmála Sameinuðu þjóðanna. Hvorki var beint né óbeint í tillögunni vikið að tilverurétti Ísraels. Þótti mörgum þannig vera enn aukin óvissan í hinum viðkvæmu deilumálum fyrir botni Miðjarðarhafs, ekki síst þegar tekið var tillit til vaxandi harðýðgi í málinu. Áður hefur verið kappkostað að gæta jafnvægis í ályktunum Sameinuðu þjóðanna um þetta vandleysta deilumál, en allar tilraunir nú til þess að fá tillögunni breytt í jafnvægisátt voru árangurslausar. Fór því svo, að 37 ríki, þ. á m. Danmörk, Finnland og Svíþjóð, töldu sig knúin til að sitja hjá og 8 ríki þ. á m. Ísland og Noregur, til að greiða atkvæði gegn henni, en tillagan hlaut samþykki 89 ríkja. Ég hafði þegar í ræðu minni við almennu umræðurnar lagt áherslu á það, að lausn deilunnar í Mið-Austurlöndum yrði að fela í sér tillit til réttinda Palestínu-araba. Að lokinni atkvæðagreiðslu um framangreinda tillögu var þessi afstaða áréttuð enn frekar af fastafulltrúa Íslands. Hann lýsti því yfir á þinginu í greinargerð fyrir mótatkvæði Íslands gegn tillögunni, að þá afstöðu bæri á engan hátt að túlka sem synjun á lögmætum réttindum Palestínu-þjóðarinnar, heldur væri hún grundvölluð á þeirri sannfæringu, að sérhver tillaga, sem Sameinuðu þjóðirnar létu frá sér fara um málefni Palestínu, ætti ekki eingöngu að fjalla um réttindi og hagsmuni Palestínu-araba, heldur um réttindi og hagsmuni allra íbúa á svæðinu. Lausn vandamála í Austurlöndum nær yrði að grundvallast á ályktunum Öryggisráðsins nr. 242 frá 1967 og nr. 338 frá 1973 og staðfesta yrði réttindi allra

ríkja á svæðinu, þ. á m. ísraelsmanna, til að lifa í friði innan öruggra og viðurkenndra landamæra.

Hin tillagan var um að veita frelsishreyfingu Palestínu-araba (PLO) áheyrnarfulltrúastöðu hjá Sameinuðu þjóðunum. Ísland, Noregur og Danmörk voru meðal 17 ríkja, sem greiddu atkvæði gegn þeirri tillögu, og Svíþjóð eitt af 19, sem sátu hjá, en Finnland í hópi 95 ríkja, er studdu þessa ákvörðun. Til þessa hefur aðeins ríkjum og samtökum fullvalda ríkja verið veitt áheyrnarfulltrúastaða hjá Sameinuðu þjóðunum. Þeir, sem ekki greiddu tillögunni atkvæði, töldu, að hér væri farið inn á nýja og hættulega braut. Var talið, að ákvörðun sem þessi gæti dregið dilk á eftir sér með tilliti til annarra frelsishreyfinga, sem tilkall gera til viðurkenningar.

Afgreiðsla Palestínamálsins var þannig Arabaríkjunum og frelsishreyfingu Palestínu-araba mjög í vil. Reynslan ein mun skera úr um, hvaða áhrif þetta kann að hafa. Að því er frelsishreyfingu Palestínu-araba snertir, ber að vona að hún reynist verðug þeirrar auknu viðurkenningar, sem henni hefur hlotnast, og að hún komi fram af fullri ábyrgð við áframhaldandi tilraunir til lausnar deilumálanna í þessum hrjáða heimshluta.

Hitt málið, sem umdeildast var hvað beitingu forseta- og meirihlutavalds snertir, var ákvörðunin um að meina Suður-Afríku að taka þátt í störfum 29. Allsherjarþingsins. Löng og bitur umræða átti sér stað um það mál. Öll Norðurlöndin voru meðal 22 ríkja, sem greiddu atkvæði gegn þessari ráðstöfun, 19 sátu hjá — en úrskurður þingforseta um þetta var staðfestur með 91 atkvæði. Slík réttindasvipting er ekki samkvæmt stofnskrá Sameinuðu þjóðanna á valdi Allsherjarþingsins, heldur þarf til að koma atbeini Öryggisráðsins. Í stjórnmálalegu tilliti er ráðstöfun af þessu tagi einnig mjög umdeilanleg, svo að ekki sé meira sagt, og samræmist ekki þeim skoðunum, sem Norðurlönd hafa aðhyllt um sem viðtækasta aðild ríkja að samtökum Sameinuðu þjóðanna. Að sjálfsögðu á framangreind afstaða til brottvísunar fulltrúa Suður-Afríku af Allsherjarþinginu ekkert skylt við stuðning við kynþáttastefnu þarlendra stjórnvalda, enda gafst við meðferð málsins tækifæri til þess að árétta eindregna andstöðu Norðurlandanna allra við þá stefnu, sem Suður-Afríkustjórn hefur fylgt í þeim málum um langa hríð. En hér er raunar ástæða til að geta þess, að nú þykir örla á eilítið meiri samkomulagsvilja Suður-Afríkustjórnar í þeim málum — og ber vissulega að vona að það leiði til umtalsverðra úrbóta sem allra fyrst.

Ég skal nú víkja í fáum orðum að Kóreu, Kambódíu og Kýpur.

Í Kóreumálinu var samþykkt ályktun, sem Ísland studdi, þar sem ríkin tvö í landinu voru hvött til að halda áfram viðræðum í því skyni að þau verði sameinuð með friðsamlegum hætti. Einnig var í ályktuninni gert ráð fyrir, að Öryggisráðið fjallaði um það, hvort rétt væri að leysa upp herstjórn Sameinuðu þjóðanna í Kóreu. Um þetta síðarnefnda atriði vildu norður-kóreumenn að gengið yrði feti framár, þ. e. a. s. að þingið slægi því föstu, að draga bæri til baka allt erlent herlið frá Suður-Kóreu, sem þar er undir fána Sameinuðu þjóðanna. Háðu norður-kóreumenn og stuðningsríki þeirra harða baráttu fyrir því máli. Með hliðsjón af því mikilvæga hlutverki, sem lið Sameinuðu þjóðanna hefur gegnt við friðargæslu í landinu, er vandséð, hvernig brottflutningur þess gæti bætt ástandið. Einn mikilvægasti þáttur Kóreudeilunnar nú er að sjálfsögðu sá, að reyna að koma í veg fyrir að þar brjótist út vopnuð átök á ný. Mikil nauðsyn er jafnframt á, að samningaviðræðum ríkjanna verði haldið áfram, en því miður eru horfur í því efni ekki góðar eins og sakir standa.

Í Kambódíumálinu var deilt um tvennt: Hvort lýsa ætti yfir viðurkenningu á útlagastjórn Nordom Sihanouks sem löglegrí stjórn Kambodíu og veita þeirri ríkisstjórn fyrirsvar landsins hjá Sameinuðu þjóðunum og reka um leið fulltrúa stjórnar Lon Nol, — eða samþykkja ályktun þar sem deiluaðilar í landinu voru hvattir til að hefja viðræður í þeim tilgangi að reyna að finna friðsamlega lausn í Kambódíu-vandamálinu, þar sem fullt tillit væri tekið til vilja þjóðarinnar. Í

tillögunni um síðari leiðina var jafnframt gert ráð fyrir, að fela framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna að veita aðstoð sína til þess að markmiði hennar yrði náð. Þessi síðari kostur hlaut stuðning 56 ríkja, en 54 voru á móti; 24 ríki sátu hjá þ. á m. Ísland og önnur Norðurlönd nema Danmörk, sem greiddi atkvæði með. Fulltrúar stjórnar Lon Nol héldu þannig sætum sínum á þinginu, en öllum er kunnugt hvað nú er að gerast heima fyrir í landi þeirra þessa dagana.

Hið slæma ástand á Kýpur, sem hófst með stjórnarbyltingunni þar í júlí 1974, kom einnig til kasta Allsherjarþingsins. Samkomulag um vopnahlé hafði verið undirritað 30. júlí, en það dugði illa og var margsinnis brotið. Þingið samþykkti ályktun, þar sem öll ríki eru hvött til að virða fullveldi og sjálfstæði Kýpur og forðast íhlutun og árásir á landið. Hvatt var til þess, að allt erlent herlið yrði hið bráðasta á brott úr eygni og að samningaviðræður færu fram með aðstoð Sameinuðu þjóðanna. Framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna var beðinn að halda áfram aðstoð við íbúa landsins og skorað var á öll ríki að leggja af mörkum til þeirrar aðstoðar. Þótt varanleg lausn á Kýpur-vandamálunum eigi enn langt í land, hefur öldurnar lægt og tækifæri skapast til viðræðna milli þjóðabrotanna, ekki aðeins um mannúðarmál, heldur einnig um stjórnmalaleg samskipti. Þessum viðræðum er stöðugt haldið áfram með aðstoð sérstaks fulltrúa framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna á Kýpur og er hér glöggt dæmi um mikilvægt hlutverk samtakanna á sviði friðargæslu.

Eftir 6. sérstaka Allsherjarþingið, Mannfjöldaráðstefnuna og Matvælaráðstefnuna var eðlilegt, að Allsherjarþingið nú fjallaði í ríkum mæli um hin mjög alvarlegu vandamál, sem skapast hafa, og þann glundroða, sem ríkir á sviði efnahags- og félagsmála í heiminum. Samkomulag varð um nokkrar merkar ákvarðanir varðandi þessi vandamál, svo sem stofnun Alþjóðamatvælaráðsins, en um önnur vandamál, einkum efnahagslegs eðlis, urðu hatrammar deilur. Samþykktur var að vísu einnig sáttmáli um efnahagsleg réttindi og skyldur ríkja (Charter of Economic Rights and Duties of States), en því miður skorti töluvert á að nægur samkomulagsandi ríkti við frágang á efni hans og orðalagi. Upphaf þessa sáttmála má rekja til 3ju viðskipta- og þróunarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna (UNCTAD), sem haldin var í maí 1972. Þar var ákveðið að setja á fót vinnuhóp 31 ríkis, sem síðar var fjölgað í 40 ríki, til að gera uppkast að sáttmála um efnahagsleg réttindi og skyldur þjóða. Um tíma á árinu 1974 þóttu líkur benda til samkomulags, en síðar dró í sundur með iðnvæddum ríkjum og hinum vanþróuðu. Einkum ollu ágreiningi ákvæði um þjóðnýtingu erlendra eigna og skaðabótageiðslur í því sambandi, svo og ákvæði um vísitölukerfi, er tengdi verðlagningu hráefnisútflyttings vanþróuðu ríkjunum. Lítið þokaðist í átt til samkomulags á síálfa Allsherjarþinginu. Töldu því margir hyggilegt að ætla rýmri tíma til þess að ljúka gerð sáttmálans, þar sem raunhæft gildi hans væri að verulegu leyli komið undir því að flest eða öll ríkustu og áhrifamestu aðildarríkin gengju til fylgis við hann. Hinn nýi meiri hluti innan samtakanna kaus hins vegar að leiða málið til lykta nú og var sáttmálinn því samþykktur á þinginu og hlaut að vísu yfirgnæfandi meiri hluta atkvæða. Ísland, Finnland og Svíþjóð voru meðal þeirra ríkja, sem greiddu atkvæði á móti honum.

Auk þeirra mála, sem ég hef nú getið, fjallaði Allsherjarþingið um marga hefðbundna dagskrárliði, t. d. á sviði afvopnunar, félagsmála, kynþáttamála og nýlendumála. Léttara var yfir umræðum um nýlendumálin nú en oft áður vegna stefnubreytingar Portúgals og ákvörðunar nýrra ráðamanna í því landi um að veita nýlendum landsins í Afríku frelsi. Ætla má, að þrotlaust starf að þessum málum innan vébanda Sameinuðu þjóðanna eigi sinn þátt í þessari þróun. Fækkar nú þeim löndum, sem ekki hafa hlotið sjálfstæði.

Sú heiting meirihlutavalds á þinginu, sem ég hef vikið að, skapaði óneitanlega spennu, er mjög gætti í störfum þess lengst af. En undir lokin gerðist það svo, að þessi breyttu viðhorf innan samtakanna urðu sérstakt umræðuefni. Tókust um málið allsnarpar deilur. Hygg ég að þær hafi orðið til þess að hreinsa nokkuð

andrúmsloftið. Er því ekki útilokað, að aftur muni komast á meira jafnvægi í störfum samtakanna — enda er heillavænlegur árangur af þeim mjög kominn undir því að samkomulagsvilji sé ráðandi.

Ég skal ekki gera störf síðasta Allsherjarþings að frekara umtalsefni, enda hef ég nú varið til þeirra riflegri tíma en áður. Fulltrúar þingflokka sátu þingið eins og undanfarin ár. Síðustu vikur Allsherjarþinganna eru þar miklar annir, þegar nefndir eru að ljúka afgreiðslu mála og þau eru tekin til lokaafgreiðslu á fullskipuðum fundum Allsherjarþingsins sjálfs. Mér er kunnugt um, að í hópi fulltrúa þingflokka hafa heyrst raddir um, að æskilegt væri, að þeir væru ekki eins bundnir við setu á nefndarfundum og þingfundum eins og nú er raunin, heldur hefðu friálsari aðstöðu til að kynna sér þingmál og alþjóðamálefni. Hefur í þessu sambandi verið bent á, að t. d. þingmenn í sendinefndum hinna Norðurlandanna hafi rýmri aðstöðu að þessu leyti. Ég tel, að þetta sjónarmið eigi við nokkur rök að styðjast. En meðan utanríkisþjónustunni er ekki sköpuð aðstaða til að hafa við þingstörfin fleiri fulltrúa en verið hefur, er óhjákvæmilegt að slíkar fundarsetukvaðir fylgi þátttöku þingflokka í störfum Allsherjarþingsins, þar sem hinar 7 föstu þingnefndir sitja tíðum að störfum samtímis auk alls kyns funda ríkjahópa og annarra, sem sinna þarf. Ég er hins vegar fús til að íhuga fyrirkomulag þessara mála nánar með fulltrúum þingflokka, ef þess væri óskað.

Burtséð frá Allsherjarþinginu vildi ég í sambandi við Sameinuðu þjóðirnar geta hér um samstarf Íslands við Þróunarstofnun Sameinuðu þjóðanna, áframhaldandi setu Íslands í Auðlindanefnd samtakanna og víkja að Háskóla Sameinuðu þjóðanna.

Samkvæmt yfirstandandi áætlun um samstarf Ísland og Þróunarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, sem nær yfir árin 1972—1976, fær Ísland að jafnaði 200 þúsund dala framlag á ári frá Þróunarstofnuninni eða sem svarar um 30 milljónum króna á núverandi gengi, þ. e. nálægt 150 milljónum króna á tímabilinu öllu. Innan ramma þessarar áætlunar hefur verið unnið að yfir 20 verkefnum á margvíslegum sviðum þjóðlífsins, þ. á m. málmeit, ferðamálaum, útflutningsstarfsemi iðnaðarins, lax og silungsrannsóknnum, fiskvinnslurannsóknnum, nýtingu og vernd beitilanda, loftmynda- og kortagerð, vlrækt, endurskipulagningu og margs konar framföllum á sviði iðnaðar- og þannig mætti fleira telja. Hygg ég, að nú að um það bil hálfnuðu tímabilinu sé farinn að koma í ljós ýmis árangur þessarar starfsemi. Það er gagnlegt fyrir Ísland að geta þannig notið sérfræðiaðstoðar og leiðbeininga frá og fyrir milligöngu Þróunarstofnunar Sameinuðu þjóðanna. En því er ekki að leyna, að hinar háu meðaltekjur á mann hérlendis gera það að nokkru samviskusmáli að þiggja frá stofnuninni meira fé en við sjálfir leggjum til hennar. Á fjárlögum þessa árs nemur okkar skerfur til Þróunarstofnunarinnar 9.6 milljónum króna. Ég tel, að við þurfum að stefna að því, að árlegt framlag okkar hækki svo að það sem fyrst svari til þess, sem við hljótum frá stofnuninni — enda er henni fyrst og fremst ætlað að ráðstafa fé sínu til hinna svonefndu þróunarríkja.

Ísland var endurkjörið í Auðlindanefnd Sameinuðu þjóðanna frá 1. janúar 1975 til næstu fjögurra ára. Nefndin gegnir því hlutverki að gera tillögur til Efnahags- og félagsmálaráðs Sameinuðu þjóðanna um stefnumörkun varðandi nýtingu og varðveislu náttúruauðlinda. Nefndin heldur fundi annað hvert ár og kom hún nýverið saman í Tókió. Þar var samþykkt tillaga frá Íslandi, auk Indlands, Ítalíu, Japans og Kenya, þar sem m. a. var bent á mikilvægi jarðhitans sem orkugjafa og lagt til, að hinn nýstofnaði Háskóli Sameinuðu þjóðanna annist rannsóknir og gangist fyrir hagnýtri fræðslu á þessu sviði.

Háskóli Sameinuðu þjóðanna hefur nú verið settur á fót, rektor verið kjörinn og skólanum valinn staður í Tókió, en jafnframt er gert ráð fyrir að hann geti staðið að starfsemi víðar um heim. Er nú unnið að frekara undirbúningi að starfsemi skólans. Ef skólinn lætur jarðorkumál til sín taka, kemur fyllilega til álita, að starfsemi skólans á því sviði verði valinn staður hér á landi. Sömu leiðis hefur

verið ræddur sá möguleiki, að héraendis fari fram vísinda- og rannsóknarstarfsemi í haf- og fiskifræðum á vegum skólans. Þessi mál þurfa nú nánari athugunarvið af Íslands hálfu, en að sjálfsögðu veltur einnig mikið á því, hvernig fer um fjármögnun til starfsemi skólans.

Hafréttarráðstefna Sameinuðu Þjóðanna.

Þegar á heildina er litið, verður að telja, að fundir hafréttarráðstefnunnar í Caracas s. l. sumar hafi borið þann árangur, sem með sanngirni var hægt að ætlast til. Það eru einkum þrjú höfðatriði, sem hafa verður í huga í því sambandi, þ. e. (1) ástæður fyrir hægum gangi mála, (2) núverandi stöðu mála á ráðstefnunni og (3) framhald ráðstefnunnar.

Í fyrsta lagi er ýmislegt, sem gerði störfin seinunnin þrátt fyrir mikinn undirbúning á undanförunum árum. Má þar minna á, að nokkur tími fór í það að ganga frá þingsköpum ráðstefnunnar og var þar m. a. staðfest það sjónarmið, sem Allsherjarþing Sameinuðu Þjóðanna hafði ákveðið, að þrautreyna skyldi allar leiðir til samkomulags áður en til atkvæðagreiðslu kæmi. Fór því mikill tími í að sendinefndir hinna einstöku ríkja settu fram sýnar ýtrustu kröfur, þannig að minna var um að til raunverulegrar samningaviðleitni kæmi. Þá ber þess og að minnast, að slíkar kröfugerðir taka langan tíma þegar um er að ræða 138 þjóðir, en einungis 90 þeirra höfðu haft fulltrúa í undirbúningsnefndinni. Loks er þess að geta, að ráðstefnunni er ætlað að fjalla um 100 málaflokka, sem unnið er að heildarlausn á. Þar sem öll málín eru nátengd koma upp alls konar sveiflur, ekki aðeins innan hvers málaflokks, heldur og ekki síður milli málaflokka, þar sem mismundandi mikið er lagt upp úr hinum ýmsu atriðum. Sem dæmi má taka það, að fjölmörg ríki hafa engan áhuga á að styðja 200 mílna efnahagslögsögu, nema þau fái eitt-hvað í staðinn. Svo er því farið um landlukt ríkin og ríki, sem telja sig hafa óhagstæða landfræðilega legu. Ekkert þeirra getur beitt 200 mílna lögsögu hjá sér, og þegar þess er gætt að slík ríki eru um 50 talsins gætu þau e. t. v. haft $\frac{1}{3}$ atkvæða á valdi sínu og þar með komið í veg fyrir heildarlausn, sem væri þeim ekki að skapi. Og svo mætti lengi telja.

Í öðru lagi er rétt að rekja hér í höfuðdráttum stöðuna í helstu málaflokkum.

Fyrsta nefnd — alþjóðahafsbotnssvæðið.

Enda þótt samkomulag sé um, að auðlindir alþjóðahafsbotnssvæðisins beri að nýta í þágu mannkynsins og einkum þróunarlandanna, er mikill ágreiningur fyrir hendi. Þróunarlöndin vilja, að Alþjóðahafsbotnssstofnunin hafi sem mest völd og sjái sjálf um rannsókn og hagnýtingu auðlindanna. Iðnþróðu ríkin telja þetta óraunhæft og vilja að stofnunin gefi út leyfi til ríkja eða stofnana og fyrirtækja á þeirra vegum. Er hér um grundvallarágreiðing að ræða, en reynt er að finna milliveg og þá aðallega þannig að tryggt sé að þau fyrirtæki, sem verkin taka að sér, hafi fastákveðnar reglur til að byggja störf sín á. Mikil vinna hefur verið lögð í að finna lausn í þessum málum mörg undanfarin ár og liggja valkostir nú að mestu leyti fyrir. Inn í umræðurnar hafa blandast ýmis efnahagsleg sjónarmið varðandi áhrif vinnslu á heimsverð málmtægunda og hömlur í því sambandi. Loks er um að ræða stjórnunarfyrikomulag á svæðinu og er þar gert ráð fyrir þingi, ráði, dómstól og skrifstofu, en ýmsar skoðanir eru uppi um skipan þessara mála.

Önnur nefnd.

Önnur nefnd fjallar um öll önnur mál ráðstefnunnar en alþjóðahafsbotnssvæðið (fyrsta nefnd), mengun og vísindalegar rannsóknir (þriðja nefnd). Er þar um að ræða landhelgi, efnahagslögsögu, fiskveiðar á úthafinu o. s. frv. Er nú svo

komið, að mikill stuðningur er fyrir 12 mílna landhelgi og allt að 200 mílna efnahagslögsögu, og flutti Ísland ásamt nokkrum öðrum strandríkjum tillögu sem byggðist á þessu (ráðstefnuskjal L.4). Hitt er jafnljóst, að mörg ríki binda stuðning sinn við þessi sjónarmið því skilyrði að virtur sé réttur annarra þjóða til að stunda veiðar innan 200 mílna markanna, og er þá rætt um að þau fái aðgang að því magni, sem strandríkið ekki getur hagnýtt sjálft innan leyfilegs hámarksaflla á svæðinu. Þá ber þess og að geta, að ýmis ríki vilja því aðeins fallast á þetta fyrirkomulag, að tryggð sé óhindruð umferð um alþjóðleg sund.

Á fundunum í Caracas voru mál þau, sem II. nefnd fjallar um, flokkuð og settir fram valkostir á hinum ýmsu sviðum. Var gengið frá sérstöku skjali í 243 gr. (skjal 62/c.2/W.P.1), sem er mjög viðamikil og flókið. Verður það nú eitt höfuðviðfangsefnið á Genfarfundinum að reyna að fækka þessum valkostum eftir megni og undirbúa þar með atkvæðagreiðslur.

Skjal þetta hefur verið sent meðlimum utanríkismálanefndar.

Þriðja nefnd.

1) Mengun.

Almennt samkomulag er um, að samvinna skuli höfð um að fyrirbyggja mengun og setja alþjóðlegar reglur í því efni í samræmi við samþykktir Stokkhólmsráðstefnunnar um umhverfismál, Londonar- og Oslósamningana um varnir gegn mengun o. s. frv. Hins vegar er mikill ágreiningur um hvort það mál skuli vera í höndum heimarikis hlutaðeigandi skips. Þá er og mikill ágreiningur um það, að hve miklu leyti strandríkið sjálft hafi rétt til að setja reglur sem gangi lengra en hinar alþjóðlegu reglur.

2) Vísindalegar rannsóknir.

Aðalágreiningsefnið hér er að hve miklu leyti strandríki geti bannað vísindalegar rannsóknir. Ýmis þróunarlönd vilja að það mál sé algjörlega í höndum strandríkisins, en iðnþróuðu ríkin berjast fyrir viðtæku frelsi til rannsókna í samvinnu við strandríkið.

Í þriðja lagi er svo spurningin um framhald ráðstefnunnar.

Næsti fundur ráðstefnunnar er í Genf dagana 17. mars—10. maí 1975 og ákveðið er að undirritun væntanlegs alþjóðasamnings skuli fara fram í Caracas. Á Allsherjarþinginu reyndi forseti ráðstefnunnar að beita áhrifum sínum til þess að tekið væri inn í ályktun þingsins ákvæði um, að ráðstefnunni verði heimilt að ákveða annan fund til viðbótar við Genfarfundinn, ef þess þætti þörf, áður en til undirskriftarfundarins kæmi í Caracas. Þessu fékk hann þó ekki framgengt, enda þótt flestir séu á þeirri skoðun að nauðsynlegt muni verða að hafa einn fund til viðbótar eftir Genfarfundinn og áður en til Caracasfundarins kemur. Verður ekkert endanlega um það sagt fyrr en í lok Genfarfundarins.

Á Genfarfundi ráðstefnunnar er haldið áfram þar sem frá var horfið og reynt enn að ná samkomulagi án atkvæðagreiðslu. Ef það tekst ekki tiltölulega fljótt á Genfarfundinum, verður gripið til atkvæðagreiðslu.

Málin standa nú þannig, að mikil átök eru um ýmis veigamikil atriði. Ljóst er, að útlínur heildarlausnar muni byggjast á 12 mílna landhelgi, allt að 200 mílna efnahagslögsögu og stjórnunarfyrrkomulagi á alþjóðahafsbotnssvæðinu. En hinu má ekki gleyma, að ýmis ríki, sem ekki fá neitt fyrir sig með því að styðja 200 mílna efnahagslögsögu, leggja meira upp úr að fá sterkari aðstöðu varðandi alþjóðahafsbotnssvæðið. Einnig má nefna hér, að sum ríki vilja ekki fallast á 12 mílna landhelgi, nema tryggð sé umferð um sund, og önnur vilja ekki fallast á að landhelgin sé takmörkuð við 12 mílur nema jafnframt sé tryggð efnahagslögsaga allt að 200 mílum. Ýmis ríki vilja að visu fallast á 200 mílna efnahagslögsögu, ef ekki er gengið of langt í yfirráðum strandríkisins yfir mengun og vísindalegum rann-

sóknum. Og ekki þýðir að loka augunum fyrir því, að ýmis ríki binda stuðning sinn við 200 mílna efnahagslögsögu við það að aðrar þjóðir fái aðgang að þeim hluta fiskstofna, sem strandríkið nýtir ekki sjálft, og eru á meðal þeirra ríki, sem þar leggja áherslu á „hefðbundin réttindi“.

Nú er það að visu svo, að miklir möguleikar eru á því að hægt sé að fá $\frac{2}{3}$ atkvæða fyrir ýrtrustu kröfum í öllum þessum atriðum, þ. e. a. s. 12 mílna landhelgi og allt að 200 mílna efnahagslögsögu. Hins vegar er ekki síður ljóst, að ekki er talið raunhæft að þvinga fram slíka samninga, sem ekki gætu orðið traustur grundvöllur. Er því höfuðáhersla lögð á að reyna nú enn frekar á fundinum í Genf að finna sem traustastan grundvöll fyrir heildarlausn. Aðalatriðið verður þá, að hve miklu leyti tekst að samræma sjónarmið meiri hlutans og minni hlutans. Meiri hlutinn teflir því þá fram, að unnt sé að ganga frá alþjóðasamningi þrátt fyrir mótmæli minni hlutans, en minni hlutinn bendir stöðugt á, að ef ekki verði samkomulag muni hann telja slíkar reglur sér óviðkomandi og á það þá bæði við efnahagslögsöguna og hagnýtingu auðlinda alþjóðahafsbotnssvæðisins. Meiri hlutinn vill því nokkuð á sig leggja til að ná samkomulagi. Hitt er ljóst, að minni hlutinn gerir sér grein fyrir því, að þróuninni í hafréttarmálum verður ekki snúið við eða hún stöðvuð, og er því reiðubúinn til að sýna sanngirni og gera ýmsar tilslakanir. Af þessum sökum verður nú gerð ýtrasta tilraun til að ná samkomulagi á Genfarfundinum.

Að því er sérstaklega varðar efnahagslögsöguna er ljóst, að mikið fylgi er fyrir því, að erlendir aðilar fái aðstöðu til að hagnýta þann hluta leyfilegs hámarksaflla, sem strandríkið hagnýtir ekki. Jafnframt eru miklar kröfur uppi um, að gerðardómur fjalli um deilur sem upp kunna að koma vegna hafréttarmála. Afstaða íslensku sendinefndarinnar hefur frá öndverðu verið, að ákvörðun um leyfilegan hámarksaflla og leyfi erlendra manna til fiskveiða innan efnahagslögsögunnar verði að vera í höndum strandríkisins sjálfs. Ekki hefur komið til átaka um þessi atriði, en þau munu ekki langt undan og verður að halda áfram að aflla afstöðu íslensku sendinefndarinnar fylgis.

Þriðji þáttur hafréttarráðstefnunnar fer fram í Genf dagana 17. mars til 10. maí 1975. Í upphafi þeirra funda var ráðgert, að hinn 31. mars yrði staða mála metin í því skyni að sannreyna, hvort allar leiðir til að ná samkomulagi án atkvæðagreiðslu hefðu verið þrautkannaðar. Samkvæmt fundarsköpum ráðstefnunnar er slík ákvörðun nauðsynleg, áður en atkvæðagreiðsla getur hafist. Síðar var ákveðið að framlengja þetta tímabil til 7. apríl. Það hefur nú verið framlengt um óákveðinn tíma og rík áhersla verið lögð á störf í margs konar vinnuhópum, þar sem fulltrúar allra ríkja eiga sæti og fjallað er um hina einstöku málaflokka. Er þá miðað við, að árangur sé vænlegastur með þeim hætti. Á þessu stigi verður ekkert um það fullyrt, hversu lengi þessu fyrirkomulagi verður fram haldið né hvern árangur það ber, enda störfin seinunnin, þar sem nær 150 þjóðir eiga hlut að máli.

Undirnefndir, þær sem nú sitja að störfum, fjalla um ýmsa þætti landhelgi, umferð um sund, reglur á úthafinu, mengun, vísindalegar rannsóknir og alþjóðahafsbotnssvæðið. Jafnframt hefur Eversen-nefndin fundi á hverjum degi til að reyna að ná samkomulagi um einn texta fyrir hvern þátt hinna ýmsu málaflokka. Hefur hún lagt höfuðáherslu á efnahagslögsöguna, en tekur einnig fyrir aðra þætti með hliðsjón af gangi mála í undirnefndum ráðstefnunnar.

Þegar á heildina er litið, verður að telja, að talsvert þoki í átt til samkomulags og að ágreiningur sé minnkandi, enda þótt enn þá séu mikil átök um ýmis veigamikil atriði og þá einkum um fyrirkomulag stjórnunar á alþjóðahafsbotnssvæðinu, réttindi landluktra ríkja og þeirra, sem takmarkaða möguleika hafa á eigin efnahagslögsögu, svo og um yfirráð ríkja yfir hafsbötni utan 200 mílna. Öll eru þessi mál í deigluinni, en verða að leysast í heild. Sendinefnd Íslands tekur þátt í öllum vinnunefndum og miðar störf sín við að sem mestur árangur náist varðandi efnahagslögsöguna. Miðað er nú við, að gengið verði frá heildaruppkasti frá öllum

nefndum fyrir lok Genfarfundarins, en síðar verði lagðar til grundvallar frekari umræður snemma á næsta ári, en endanlega verði gengið frá málum í Caracas sumarið 1976.

Fiskveiðilögsagan.

Ríkisstjórnin hefur sem kunnugt er á stefnuskrá sinni útfærslu fiskveiðitakmarkanna í 200 mílur fyrir árslok 1975. Hafa margvísleg tækifæri verið notuð til kynningar á þessari ákvörðun meðal annarra þjóða — og til þess að ávinna henni skilning og stuðning. Nánari ákvörðun um útfærsludag mun verða tekin síðar.

Í febrúar s.l. áttu sér stað í Reykjavík viðræður við fulltrúa landsstjórnar Færeyja um fiskveiðiréttindi færeyinga við Ísland. Staðfesting á niðurstöðu viðræðnanna var til meðferðar hér á Alþingi fyrir fáum dögum og skal ég því ekki fjólyrða málið hér, heldur einungis láta þess getið, að nú var í fyrsta sinn sett hámark á aflamagn færeyinga hér við land, 20 þúsund smálestir, en það er svipað og afli þeirra hefur verið allra síðustu ár. Færeyingar hafa um langt skeið notið sérstöðu til fiskveiða við Ísland, enda hygg ég að allir stjórnmalaflokkar og reyndar þjóðin öll, eða því sem næst, hafi verið sammála um þá ráðstöfun af ástæðum sem óþarft er að rekja hér. Slíkrar sérstöðu njóta færeyingar enn um sinn samkvæmt hinu nýja samkomulagi, sem gerir ráð fyrir áframhaldandi handfæra-, línu- og togveiðum þeirra innan hinna almennu fiskveiðimarka hér við land — með nokkrum takmörkunum vegna friðunarráðstafana og af tilliti til íslenskra sjómanna, auk aflahámarsins er ég nefndi. Því er ekki að leyndu, að færeyingar kysu að hafa hér enn þá rýmri réttindi, einkum að vera án aflahámars, en þó hygg ég að þeir eftir atvikum uni vel hinu nýja samkomulagi.

Öryggismál.

Árið 1974 voru 25 ár liðin frá undirritun Atlantshafssáttmálans og stofnun Atlantshafsbandalagsins. Í því tilefni var vorkundur utanríkisráðherra bandalagsins haldinn í Ottawa í júnímánuði síðastliðnum. Á fundi þessum var gengið frá og samþykkt yfirlýsing um samband Atlantshafsríkjanna. Yfirlýsingin var síðar undirrituð á fundi æðstu manna í Brussel í júlímánuði.

Ég tel rétt að lesa hér upp síðustu greinina í þessari yfirlýsingu, en þar koma skýrt fram markmið bandalagsins og meðlimaríkja þess:

„Nú á þessu ári, þegar 25 ár eru liðin frá því að Norður-Atlantshafssamningurinn var undirritaður, lýsa aðildarríki bandalagsins enn á ný yfir stuðningi sínum við þau markmið og þær hugsjónir, sem sá samningur byggist á. Aðildarríki bandalagsins líta til framtíðarinnar af öryggi og eru þess fullviss að þjóðir þær, sem lönd þeirra byggja, búa yfir þeirri lífsorku og sköpunarmætti, sem gera mun þeim kleift að ráða fram úr þeim vandamálum, er þær standa frammi fyrir. Þau lýsa yfir þeirri staðföstu ályktun sinni, að Norður-Atlantshafsbandalagið muni hér eftir sem hingað til gegna sínu ómissandi hlutverki við að skapa þann varanlega frið, sem þau eru ákveðin í að koma á og viðhalda um ókomin ár.“

Alþingi hefur þegar verið gerð grein fyrir samkomulagi ríkisstjórnarinnar við stjórn Bandaríkjanna um varnarliðið á Keflavíkurflugvelli, svo ég mun ekki dvelja við það atriði, nema hvað þess má geta, að viðræður embættismanna um framkvæmd samkomulagsins ganga eins og ráð var fyrir gert.

Norðurlandasamvinna.

Norræn samvinna skipar nú sem áður háan sess í samskiptum okkar við önnur lönd. Þetta kemur meðal annars fram í tíðum norrænum viðræðum um hin margvíslegustu málefni og sífellt fleiri samningagerðum á ýmsum hagnýtum sviðum.

Af meiri háttar norrænum skoðanaskiptum er skemmst að minnast þings Norðurlandaráðs hér í Reykjavík, auk hinna reglubundnu ráðherrafunda, og á samningasviði er nú síðast að geta Norðurlandasamnings um bætur vegna veikinda, meðgöngu og barnsurðar, sem undirritaður var í Kaupmannahöfn nýlega.

Norðurlönd hafa komið ár sinni vel fyrir borð með nokkuð mismunandi hætti í milliríkjasamskiptum — en þau eru einhuga að því er viðvikur eflingu norræns samstarfs. Mismunandi fyrirkomulag á samskiptum þeirra við önnur ríki hefur að sjálfsgöðu fyrst og fremst sprottið af viðleitni Norðurlandanna hvers um sig til að gæta sem best eigin hagsmuna, en um leið hefur þessi fjölbreytni á vissan hátt orðið þeim sem heild styrkur. Og með hinu nána samstarfi sín á milli um alþjóðamál hefur þeim oft tekist að hafa áhrif til farsællar þróunar langt umfram það, sem ætla mætti um ekki fjölmennari ríki. Þess er að vænta, að norrænt samstarf haldi áfram að eflast og dafna.

Evrópuráðið.

Starfsemi Evrópuráðsins og þátttaka Íslands í henni var með svipuðum hætti á árinu 1974 og áður var.

Þær urðu helstar breytingar á starfsemi og rekstri Evrópuráðsins, að nýr aðalframkvæmdastjóri tók þar við störfum. Er það þjóðverjinn Georg Kahn-Ackermann úr hópi sósíaldemókrata. Átti hann um árabíl sæti á þjóðþingi (Bundestag) Sambandslýðveldisins Þýskalands sem þingmaður úr flokki sósíaldemókrata og var jafnframt lengi einn af fulltrúum V.-Þýskalands á Evrópuþinginu. Hann hlaut kosningu til þessa embættis á maifundi Evrópuráðsins og tók við störfum í september.

Hinn nýi aðalframkvæmdastjóri hefur að undanfögnu heimsótt ýmis aðildarríki Evrópuráðsins, eins og venja mun vera þegar nýr maður tekur við því embætti. Mun hann hafa í hyggju að ljúka við þær heimsóknir á þessu ári og hefur hann m. a. boðað komu sína hingað til Íslands einhvern tíma á þessu ári og er enn ekki ákveðið nánar hvenær það kann að verða.

Á stjórnmalasviðinu má það til tíðinda teljast, að því er Evrópuráðið varðar, að eftir að stjórnarskiptin urðu í Grikklandi, þegar herforingjastjórninni var velt af stóli og ný og lýðræðislegri stjórn tók við völdum, þóttu stjórnarhættir þar í landi hafa breyst í nægilega lýðræðislegt horf aftur, til þess að unnt væri að veita Grikklandi á nýjan leik fulla aðild að Evrópuráðinu. Gerðist það á fundi ráðherranefndarinnar í París á s. l. hausti, en áður hafði Evrópuráðsþingið gert samþykkt um að veita Grikklandi aðild að ráðinu á nýjan leik.

Evrópuráðið lét Kýpurdeiluna mjög til sín taka, einkum eftir að átök hörðnuðu þar á árinu. Meðal annars beitti Evrópuráðið sér fyrir fjársöfnun til aðstoðar flóttafólki á Kýpur, og lagði Ísland til nokkra fjárhæð (800 þús. kr.) í söfnun þessa.

Í Mannréttindadómstól Evrópu á nú sæti af Íslands hálfu prófessor Þór Vilhjálmsson, en fulltrúi Íslands í Mannréttindanefndinni er dr. Gaukur Jörundsson prófessor.

Fulltrúar Íslands, aðallega frá ýmsum ráðuneytum stjórnarráðsins og sérstofnunum ríkisins, sóttu fundi á árinu á ýmsum hinna fjölmörgu nefnda, sem á vegum Evrópuráðsins starfa að athugunum og skoðanaskiptum á fjölmörgum sviðum stjórnsýslunnar. Fulltrúar þeir, sem slíka fundi sóttu, voru m. a. frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, félagsmálaráðuneytinu, menntamálaráðuneytinu, viðskiptaráðuneytinu, samgönguráðuneytinu og fleiri stofnunum. Er ekki fjarri lagi, að fjöldi þeirra nefndarfunda, sem íslenskir embættismenn hafa tekið þátt í, séu að minnsta kosti 40—50 að tölu, og fóru þeir fram ýmist í Strasbourg eða einhverjum aðildarríkjanna. Skal það tekið fram, að Evrópuráðið greiðir öll fargjöld og dvalarkostnað fyrir þá fulltrúa, sem af Íslands hálfu hafa sótt fundi þessa.

Viðskiptamál.

Friverslunarsamningur Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu tók gildi 1. apríl 1973. Verndartollar á iðnaðarvörum frá aðildarríkjum bandalagsins hafa síðan verið lækkaðir þrívægis, fyrst um 30% við gildistöku samningsins, síðan um 10% 1. janúar 1974 og loks um 10% í ársbyrjun 1975. Umsamin tollalækkunar-áætlun gagnvart Efnahagsbandalaginu er hin sama og í samningnum við EFTA, en skv. henni er gert ráð fyrir að verndartollar á iðnaðarvörum lækki hérlendis gagnvart aðildarríkjum þessara samtaka á tímabilinu fram til 1. janúar 1980 og verði þá að fullu afnumdir. Við framkvæmd tollalækkananna hefur þess jafnframt verið gætt, að tollamismunur milli EBE og EFTA-landa annars vegar og landa utan þessara samtaka hins vegar aukist ekki frá því sem hann var við upphaf tollalækkananna.

Að því er snertir tollfríðindi fyrir íslenskar iðnaðarvörur, sem fluttar eru út til Efnahagsbandalagsins, þá hafa tollar á þeim lækkað þrívægis, samtals um 60%, í samræmi við ákvæði friverslunarsamningsins. Hins vegar hafa umsamin tollfríðindi fyrir íslenskar sjávarafurðir enn ekki komið til framkvæmda vegna þess ákvæðis í samningnum, að gildistaka þeirra sé bundin því skilyrði, að viðunandi lausn náist fyrir aðildarríki Efnahagsbandalagsins á sviði fiskveiðiréttinda. Þar sem þjóðverjar hafa enn ekki náð samkomulagi, þá hafa þeir lagst gegn því að ákvæði samningsins um tollfríðindi fyrir sjávarafurðir tækju gildi. Þar af leiðandi hefur samningurinn ekki enn haft verulega þýðingu fyrir útflutninginn í heild. Tollar á sjávarafurðum í gömlu efnahagsbandalagslöndunum hafa því enn þá ekki lækkað eins og samningurinn kveður á um, og af sömu sökum hafa tollar verið lagðir að nýju á sjávarafurðir, eins og t.d. frysta rækju, freðfiskflök og lagmeti, í Bretlandi og Danmörku frá 1. janúar 1974, sem fara síðan hækkandi í áföngum fram til 1. júlí 1977, þegar þeir verða hinir sömu og ytri tollur Efnahagsbandalagsins. Vörur þessar urðu tollfrjálsar í Bretlandi og Danmörku við aðild okkar að EFTA 1. mars 1970. Við þetta bætist svo, að v-þjóðverjar settu óformlegt löndunarbann á ísfisk í október 1974. Þeirri aðgerð var mótmælt af Íslands hálfu í GATT svo og í OECD og enn fremur við Efnahagsbandalagið.

Á reglulegum fundum með Efnahagsbandalaginu, þar sem fjallað er um framkvæmd friverslunarsamningsins, hefur af Íslands hálfu verið lýst óánægju með að jafnvægi það, sem samningurinn gerir ráð fyrir milli kvaða og hagsbóta sanuningsaðilanna, sé alls ekki fyrir hendi, meðan fríðindi fyrir sjávarafurðirnar koma ekki til framkvæmda.

Ráðherraráð EFTA hefur látið málið til sín taka, er það samþykkti á fundi sínum í nóvember 1974 að lýsa áhyggjum sínum yfir því, að friverslunarsamningur Íslands við Efnahagsbandalagið væri ekki að fullu kominn til framkvæmda. EFTA-ríkin áréttuðu þessa afstöðu sína í reglulegum viðræðum sínum við bandalagið í desember s. l.

Framkvæmd áætlunar um lækkun verndartolla á vörum frá EFTA-löndum er nú hálfnuð, en tollfrelsi fyrir íslenskar vörur í EFTA-löndum fékkst þegar við aðild að samtökunum 1. mars 1970. Meginverkefni samtakanna er samræming á framkvæmd friverslunarsamninga aðildarríkjanna við Efnahagsbandalagið. Þá fer og fram athugun á því hvort heppilegt sé og á hvern hátt auka megi samráð aðildarríkjanna um efnahags- og viðskiptamál á alþjóðavettvangi.

Sökum þess hversu þýðingarmikil utanríkisviðskiptin eru fyrir efnahag okkar, þá hlýtur það að vera okkur hagsmunamál, að alþjóðleg viðskipti séu sem frjálsust. Þess vegna er rík ástæða til að taka þátt í alþjóðasamstarfi á vegum GATT, sem hefur afnám hindrana á viðskiptum þjóða í milli að markmiði. Á ráðherra-fundi GATT í Tókíó í september 1973 var ákveðið að hefja nýjar viðræður um frekara afnám hindrana á viðskiptum. Viðræður þessar virðast nú vera að komast á nokkuð skrið, enda hafa bæði Bandaríkin og Efnahagsbandalagið markað stefnu sína í þeim í höfuðdráttum. Upphaflega var gert ráð fyrir, að þessum viðræðum yrði lokið á árinu 1975, en vafalítið eiga þær eftir að taka nokkru lengri tíma.

Þátttaka í fundum alþjóðastofnana og ferðalög.

Ég hef sótt fundi utanríkisráðherra Norðurlanda vor og haust og einnig hina reglubundnu NATO-fundi í apríl og desember eins og venja er til. Enn fremur sótti ég Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna að vanda.

Ég tel þátttöku í þessum fundum mjög gagnlega, ekki einungis vegna mála þeirra, sem fjallað er um, heldur einnig vegna persónulegra kynna við starfsbræður mína, sem þar þróast og nauðsynleg eru á þessum tímum snöggra breytinga og aukinna samskipta.

Í febrúarbyrjun þáði ég og kona mín boð í opinbera heimsókn til Sovétríkjanna. Dvöldum við þar ásamt ráðuneytissjóra utanríkisráðuneytisins í 9 daga. Móttökur allar voru með ágætum, og tel ég að ferðin hafi verið til gagns fyrir samskipti Íslands og Sovétríkjanna. Ég bauð A.A. Gromyko utanríkisráðherra, fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands, að koma í opinbera heimsókn til Íslands þegar tækifæri gæfist.

Samstarfið við utanríkismálanefnd.

Ég hef eins og áður leitast við að hafa náið samband við utanríkismálanefnd Alþingis. Ég hef setið flesta fundi nefndarinnar og gert henni grein fyrir gangi utanríkismála og skýrt afstöðu ríkisstjórnarinnar til þeirra.

Vil ég bera fram þakkir mínar til nefndarinnar fyrir samstarfið.